




Mislingar á Íslandi

Eins og fjallað hefur verið um í fyrri Farsóttufréttum hafa mislingatilvik komið ítrekað fyrir um borð í flugvélum frá árinu 2016 sem haft hafa viðkomu hér á landi. Einungis í einu tilviki barst smit áfram til annars einstaklings eftir heimkomu. Ætla má að góð þátttaka í almennum bólusetningum hafi komið í veg fyrir að mislingar hafi náð að breiðast út hér á landi. [Mislingar](#) eru bráðsmitandi skæður veirusjúkdómur sem smitar frá öndunarvegi.

Þann 14. febrúar síðastliðinn gerðist sá atburður að fullorðinn óbólusettur karlmaður kom með flugi til landsins með mislinga og smitaði sex einstaklinga. Er atburðarrásinni lýst á mynd 1. Fjórir fengu einkennandi mislinga og þrír fengu dempaða mislinga vegna fyrri sögu um bólusetningu.

Mislingar sem eru dempaðir (*modified measles*) eru vel þekktir hjá bólusettum einstaklingum eftir snertingu við mislingasmitaða einstaklinga en þessir einstaklingar veikjast ekki alvarlega og smithætta af þeim er lítil. Af þeim fjórum sem fengu einkennandi mislinga voru tvö börn yngri en 18 mánaða



óbólusett og tveir óbólusettir fullorðnir einstaklingar.

Gripið var til ýmissa sóttvarnaráðstafana þegar fyrsta mislingatilfellið greindist. Flugfarþegum sem höfðu komist í tæri við hinn smitaða voru sendar upplýsingar og leiðbeiningar um viðbrögð. Miðlun upplýsinga til almennings í gegnum fjölmiðla, símalínu 1700, Heilsuveru, vef Embættis landlæknis og fésbók sóttvarnalæknis þótti takast vel. Öllum á aldrinum 6–18 mánaða á Austurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu var boðin bólusetning gegn mislingum en á öðrum svæðum var mælt með bólusetningu hjá börn-

um eldri en 12 mánaða. Auk þess var öllum sem fæddir voru eftir 1970 boðin bólusetning ef óljóst var hvort þær hefðu verið gerðar. Þeim sem höfðu komist í tæri við sýkta einstaklinga var ráðlagt að halda sig í heimasóttkví í þrjár vikur frá hugsanlegu smiti.

Það tókst að tryggja nægilegt bóluefni til að mæta fyrirbyggjandi þörf vegna sóttvarnanna. Samtals voru 6.800 einstaklingar bólusettir á tímabilinu frá miðjum febrúar til byrjun marsmánaðar. Þessari hópsýkingu af völdum mislinga var talið lokið í lok mars en lengsti meðgöngutími mislinga eru þrjár vikur frá smiti. Skráð voru 15 tilfelli af vægum einkennum

framh. bls. 2

Efni:	bls.
Mislingar á Íslandi.....	1
Listería.....	2
Berklar.....	3
Hermannaveiki (Legionellosis).....	3
Jersínýjusýking.....	4
Inflúensa veturinn 2018–2019.....	4

Ritstjórn
Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Agnes Gísladóttir
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla S. Jósefsdóttir
Maríanna Þórðardóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

mislinga sem rekja má til bólusetningar en það er þekkt hliðarverkun bóluefnisins. Tíðni slíkra hliðarverkana gæti því numið um 0,2%. Í bóluefninu er slænvð mislingaveira sem ekki smitar út frá sér.

Fullvíst má telja að margir samverkandi þættir gerðu það að verkum að mislingafaraldurinn varð ekki útbreiddari en raun bar vitni. Í fyrsta lagi virðist hjarðónæmi vera hér nægilega gott og þá tókst með samhentu átaki heilbrigðiskerfisins, almennings og inn-

flytjanda mislingabóluefnisins að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum sóttvarnar ráðstöfunum.

Sóttvarnalæknir hefur á undanförunum árum bent á að bólusetning við mislingum við 18 mánaða aldur er óviðunandi (91–93%) en þátttaka um 95% er nauðsynleg til að tryggja gott hjarðónæmi. Þegar þátttaka barna á aldrinum 2–10 ára er könnuð kemur í ljós að hún er um 95–96%. Þetta þýðir að börn hér á landi virðast fá sína fyrstu

mislingabólusetningu eftir 18 mánaða aldur sem aftur bendir til að innköllunarkerfi heilsugæslunnar þurfi að bæta. Þátttaka 12 ára barna í seinni mislingabólusetningu er hins vegar vel viðunandi eða yfir 95%.

Listería

Í byrjun janúar á þessu ári veiktist 48 ára gömul kona, með undirliggjandi ónæmisbælingu, af listeríusýkingu (*Listeria monocytogenes*). Hún lést hálfum mánuði síðar af völdum sýkingarinnar. Fram kom að hún hafði borðað reyktan og grafinn lax um jólaleytið 2018. Leifarnar af laxinum voru geymdar í frysti á heimilinu og tókst að rækta bakteríuna úr honum. Ræktanir sem teknar voru frá verksmiðju og vörum framleiðandans leiddu í ljós sömu bakteríu. Í kjölfarið var framleiðsla hætt og öll matvæli innkölluð. Reyktar afurðir frá framleiðanda höfðu verið fluttar út til Frakklands en dreifingaraðilum þar var gert viðvart. Ekki hafa borist neinar tilkynningar um sýkingar af völdum bakteríunnar vegna neyslu á íslenskum vörum innan Evrópusambandsins (ESB) eða Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Árið 2017 greindust 2.502 tilfelli af listeríusýking-




um innan ESB/EES með 14% dánartíðni. Það ár greindust sjö tilfelli af sjúkdómnum á Íslandi. Fjórir af þessum sjúklingum létust, þrír af þeim voru eldri einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma en einn var nýfætt barn.

Sýkingarnar voru taldar af innlendum toga í sex af þessum tilfellum. Svo virðist sem listeríusýkingar hafi verið að færast í vöxt hér á landi undanfarna tvo áratugi.

Berklar

Í febrúar á þessu ári greindust lungna-berklar hjá íslenskum miðaldra einstaklingi. Talið er líklegt að hann hafi smitast í þróunarlandi. Umfangsmikil leit að hugsanlegu berklasmiti hjá þeim sem maðurinn hefur komist í tæri við stendur yfir og hafa um 300 manns verið rannsakaðir með tilliti til þess. Lokaniðurstaða þessarar rannsóknar liggur ekki fyrir að svo stöddu. Berklar hafa verið sjaldgæfir hér á landi á undanförunum árum.

Á árinu 2018 greindust átta berklatilfelli, öll hjá einstaklingum sem eru af erlendu bergi brotnir.



Hermannaveiki (Legionellosis)

Um miðjan febrúar á þessu ári greindist alvarleg lungnabólga af völdum hermannaveikibakteríu (*Legionella pneumophila*) hjá sjötugum karlmanni. Hann býr í húsi ætlað eldri borgurum á Reykjavíkursvæðinu. Haft var samband við Heilbrigðiseftirlit borgarinnar sem kannaði vatnslagnir í húsinu og kom í ljós að bakteríuna var að finna í miklu magni í vatns-hausum í íbúðinni og einnig í minna magni í öðrum íbúðum sem tengdust sömu vatnslögn. Bakterían fannst ekki í öðrum vatnslögnum í húsinu. Bráðabirgðaaðgerðir voru fólgnar í því að láta heitt vatn (yfir 60°C) renna í 2–3 mínútur

áður en farið er í sturtu til að hreinsa bakteríurnar úr sturtuhausum. Einnig þarf að lagfæra viðkomandi vatnslögn í húsinu.

Legionella er baktería sem lifir í vatni og er algeng um allan heim. Hún þolir hitastig frá 0–50°C en lifir best í 30–40°C. Bakterían getur sest að í lokuðum endum pípuþagna stórra bygginga þar sem vatnið stendur kyrrt og hitastig er ekki hátt og getur smitast þegar svífúði (aerosol) myndast frá vatnslöglum eða vatnstökum (t.d. í sturtu) og mótækilegur einstaklingur andar að sér.

Fullfrískir einstaklingar geta fengið bakteríuna í öndunarveg án þess að veikjast og er hún hættulítill í þeim tilvikum. Alvarleg veikindi eins og lungnabólga verða einna helst hjá einstaklingum með undirliggjandi áhættuþætti en þeir eru helstir háir aldur, reykingar, langvinnir lungnasjúkdómar, ónæmisskerðing, áfengissýki og nýrnabilun.

Ekki virðast aðrir íbúar hússins hafa sýkst af völdum þessarar bakteríu.




Jersínúsýking

Í janúarmánuði 2019 greindust tvö tilfelli af jersínúsýkingu af völdum bakteríunnar *Yersinia enterocolitica*. Um er að ræða bakteríu sem finnst í þörmum dýra, einkum svína. Hún greinist sjaldan hér á landi en er vel þekkt á hinum Norðurlöndunum. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var á sjúklingum með bráðan niðurgang á Íslandi á árunum 2003–2007 leiddi í ljós að sýkingar af völdum *Y. enterocolitica* voru sjaldgæfar eða undir 1% niðurgangstilfellanna. Helstu einkenni sýkingarinnar eru iðrakveisa og kviðverkir sem minna á botnlangabólgu. Blóðsýkingar eru þekktar en ofnæmisviðbrögð eru vel þekkt með roða-

hnútum (*erythema nodosum*) og öðrum húðútbrotum. Liðverkir geta fylgt. Horfur sjúklinga eru almennt góðar án sýklalyfjameðferðar. Alvarlegar aukaverkanir eru liðsýkingar


sem valdið geta langdregnum einkennum. Jersínúsýkingarnar sem tilkynntar voru árið 2018 greindust í lok ársins þannig að síðustu fjórar sýk-



Mynd 4

ingarnar eru nálægt í tíma og virðast vera af innlendum toga. Ekki hefur verið sýnt fram á að sýkingarnar eigi sameiginlegan uppruna.

Inflúensan veturinn 2018–2019




Mynd 5

Inflúensufaraldurinn hófst hér á landi í ársbyrjun 2019 og var nú í lok mars að fjara út. Hann hefur verið, eins og fram kemur á mynd 5, mun minna útbreiddur í samfélaginu borið saman við meðaltal undanfarinna fimm ára. Flestir sem greindust voru með inflúensustofn A(H1N1) eða 51% en 47% voru með inflúensustofn A(H3N2). Nokkur tilfelli

voru af völdum inflúensa A sem ekki var nánar undirgreint. Mun færri greindust með inflúensu af B-stofni í vetur eða 1,4% en í fyrravetur greindust 60% með staðfesta inflúensu af B-stofni.

Samtímis því sem dregið hefur úr inflúensunni í samfélaginu hefur einnig dregið úr innlögnum á Land-



Mynd 6

spítala samkvæmt upplýsingum frá Sýkingavarnadeild Landspítala, sjá mynd 6.

Ætla má að útbreidd bólusetning gegn inflúensunni hafi átt sinn þátt í að draga úr inflúensufaraldri þennan veturinn en rúmlega 70 þúsund einstaklingar voru bólusettir sem er meiri þátttaka en nokkru sinni áður.